



Til nefndasviðs Alþingis

Dalvík 25.október 2018

Efni:

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019 -2033, 173. mál.

## Umsagnir frá Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar

Í sameiginlegum potti í nýframkvæmdir við vegakerfið, s.s. reiðvegir, héraðsvegir, breikkun brúa, smábrýr, girðingar o.s.frv. eru umtalsverðar fjárhæðir á árunum 2019-2033.

Framkvæmdir undir 1.000 milj.kr. eru ekki skilgreindar sérstaklega. Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar leggur bunga áherslu á að gerð verði langtíma fjárhagsáætlun fyrir þessa flokka í samvinnu við sveitarstjórnir landsins. Þannig liggja ljóst fyrir, með góðum fyrirvara, hvaða verkefni verður ráðist í árlega á hverjum stað.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar lýsir furðu sinni á að Akureyrarflugvöllur fái ekki meira vægi í samgönguáætlun og meiri uppbyggingu sem alþjóðaflugvöllur. Beintenging flugs erlendis frá við Norðursvæði er nauðsynleg, bæði hvað varðar ferðamenn og ekki síður vegna flutnings ferskvöru frá svæðinu á markaði erlendis.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar lýsir einnig yfir vonbrigðum sínum með að ekki er gert ráð fyrir að eftir árið 2023 sé brugðist við uppsafnaðri viðhaldspörf hafnamannvirkja innan Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar.

Virðingarfyllt

  
sveitarstjóri

